

# Jáeindaskann

Rannsóknin veitir upplýsingar um óeðlilega virkni eða bólgu í líkamnum. Geislavirkt efni er gefið í æð og einnig tekin tölvusneiðmynd.

Rannsóknin tekur tvær klukkustundir. Ekki er mælt með að aðstandandi bíði á deildinni á meðan rannsókn fer fram. Ef bilun í framleiðslu á geislavirku efni kemur upp með litlum fyrirvara getur þurft að færa rannsókn milli daga.

Áður en rannsókn er bókuð þarf að láta ísótópadeild vita ef eftirtalin atriði eiga við þar sem þau geta haft áhrif á rannsóknina.

- Innan við tvær vikur eru frá síðustu krabbameinslyfjagjöf þar til gera á rannsókn.
- Innan við átta vikur eru frá síðustu geislameðferð þar til gera á rannsókn.
- Innan við sex vikur eru frá skurðaðgerð.

Láta þarf vita við tímabókun ef sjúklingur er barnshafandi eða með barn á brjósti.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G.

Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

## Undirbúningur

- Ekki má neyta koffíns í 24 klukkustundir fyrir rannsókn. Dæmi um vökva og fæðu sem innihalda koffín eru kaffi, svart te, kóladrykkir, orkudrykkir og dökkt súkkulaði.
- Fasta þarf í sex klukkustundir fyrir rannsókn. Eingöngu má drekka vatn á meðan á föstu stendur og hvorki nota tyggjó né hálstöflur.
- Drekkja þarf hálfan lítra af vatni 30 mínútum áður en komið er í rannsóknina.
- Forðast þarf líkamlega áreynslu í sex klukkustundir fyrir rannsókn.
- Taka má inn öll regluleg lyf, nema sykursýkislyf og stera.

## Notkun steralyfja

Hætta þarf inntöku lyfja sem innihalda stera svo sem Dexamethason, Prednisolon og Hydrocortisonum þremur dögum fyrir rannsókn nema þinn læknir hafi ákveðið annað.

## Ofnæmi

Ef ofnæmi er þekkt fyrir joðskuggaefni þarf að hafa samband við afgreiðslu ísótópadeildar tveimur dögum fyrir rannsókn til að fá sérstakan undirbúning.

## Sykursýki

Blóðsykurinn þarf að vera undir 10 mmól/L til að hægt sé að framkvæma rannsókn.

a. **Sykursýki af tegund 1:** Hafa þarf samband við ísótópadeild, því gera þarf sérstakar ráðstafanir

b. **Sykursýki af tegund 2:** Sleppa þarf inntöku sykursýkislyfja að morgni rannsóknardags.

## Rannsóknardagur

- Vera má í eigin fötum sem ekki eru með málm, til dæmis rennilás eða smellum, því málmur getur truflað rannsóknina.
- Fjarlægja þarf skartgripa fyrir rannsókn.
- Við komu á deild er farið yfir nokkur atriði varðandi heilsufar. Settur er æðaleggur og í hann er gefið geislavirkt efni.
- Blóðsykur er mældur við komu á deild.

### Rannsóknin

- Legið er í hvíld í 30 mínútur.
- Drukkið er vatn og beðið í 20 mínútur.
- Farið er á salerni fyrir myndatöku.
- Myndataka tekur 30 mínútur.

## Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsókna berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í sex klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Efnið sem gefið er í æð hefur ekki slævandi áhrif og því má keyra eftir rannsókn.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, [isotop@landspitali.is](mailto:isotop@landspitali.is)